

Þriðjudaginn 29. október 1940.

Nr. 9/1940. Málarameistarafélag Reykjavíkur
gegn
Málarasveinafélagi Reykjavíkur.

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi. Deilt um, hvort ryðslípun væri verkamannavinna eða fagmanna.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 14. þ. m., af Málarameistarafélagi Reykjavíkur gegn Málarasveinafélagi Reykjavíkur. Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að félögum Málarameistarafélags Reykjavíkur skuli heimilt að nota verkamenn við ryðslípun og að það komi ekki á nokkurn hátt í bága við samninga þess félags við Málarasveinafélag Reykjavíkur, og að það félag hafi því ekki haft né hafi neinn rétt til þess, að láta málarasveinana leggja niður vinnu, þó að verkamenn séu notaðir til slíkra verka. Þá krefst stefnandi málskostnaðar af stefnda eftir mati réttarins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara frávisunar á málinu frá félagsdómi. Loks krefst stefndi 200 kr. í málskostnað af stefnanda.

Tildrög þessa máls eru þau, sem hér greinir:

Hinn 1. maí 1940 var gerður kjarasamningur milli aðilja þessa máls. 9. gr. þessa samnings kveður svo á, að Málarameistarafélag Reykjavíkur skuldbindi meðlimi sína til að nota eingöngu meðlimi Málarasveinafélags Reykjavíkur til allra verka, sem málaraiðninni tilheyra (samkvæmt nógildandi lögum). Í 10. gr. sama samnings er svo ákveðið: Málarameisturum er skylt að nota eingöngu málarasveina til allrar skipavinnu samkvæmt 9. gr., þó skal meisturum heimilt að fá hjálparmenn til málningarvinnu í fiskiskipunum, séu ekki sveinar eða meistarar fánlegir (sveinar gangi fyrir) til framkvæmdar verksins, þó að eins í samráði við formann M. S. F. R. Fáist sveinar á tímanum, sem leyfið er veitt, skal viðkomandi meistarar skylt að taka þá til vinnu með dags fyrirvara. Ennfremur er meistarar heimilt að hafa hjálparmenn að undirbúningi að málun bíla.

Þegar framangreindur kjarasamningur var gerður, var í

gildi annar samningur, dags. 24. ágúst 1938, um verka-skiptingu í byggingarvinnu, milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Sambands meistara í byggingariðnaði í Reykjavík og Sveinasambands byggingarmanna í Reykjavík, en aðiljar þessa máls voru þátttakendur í þessum félagssamtökum. 1. gr. þessa samnings ákveður, að aðiljar þeir, er að ofan greinir, staðfesti með samningi þessum, hvað teljast skuli verkamannavinna og hvað iðnaðarvinna við húsbyggingar í þeim iðngreinum, er ákvæði samningsins ná yfir. Í 4. gr. samningsins segir, að verkamannavinna teljist „að bika þök, ryðslípa og menjubera járngríðingar, dráttarbrautir og geyma, undir málningu. Ennfremur er málarameisturum heimilt að nota verkamenn við að ryðslípa járnklædd hús undir málningu í samráði við stjórn Málarasveinafélags Reykjavíkur“.

Með bréfi, dags. 17. febrúar 1940, tilkynnir Sveinasamband byggingarmanna verkamannafélaginu Dagsbrún, að málarasveinafélagið hafi skorað á sveinasambandið að sjá um, að 4. gr. samningsins frá 24. ágúst 1938 verði felld strax úr gildi, að þeim samningsfresti liðnum, sem tilskilinn var. Með því að verkamannafélagið Dagsbrún svaraði engu þessu bréfi, tilkynnti Sveinasambandið verkamannafélaginu með bréfi, dags. 11. maí s. l., að ef því berist ekki svar við fyrrgreindu bréfi fyrir 16. s. m., þá líti það svo á, að Dagsbrún fallist á ósk málarasveinafélagsins um brottfellingu téðs samningsákvæðis.

Uppsagnarfrestur að þessum samningi var ákveðinn 6 mánuðir.

Við munnlegan flutning þessa máls hér fyrir dómi hafa aðiljar orðið ásáttir um, að ákvæði 4. gr. samningsins frá 4. ágúst 1938 væru nú niður fallin vegna framangreindrar uppsagnar.

Með bréfi, dags. 2. september s. l., fer stefnandi þess á leit, að stefndi „veiti nauðsynlegar undanþágur frá núgildandi samningum milli félaganna“ þannig, að meisturum sé heimilt að taka verkamenn til vinnu við málun brezku hermanskálanna, að svo miklu leyti sem málaraar komast ekki yfir það, og með bréfi dags. 12. s. m. skorar stefnandi á stefnda að veita heimild til þess að málarameistarar geti tekið verkamenn til ryðslípunar á þessum hermanskálum.

Þessum málaleitunum stefnanda var algerlega hafnað af

stefnda. Eftir þessi málalok hóf stefnandi ryðslípun á hermannaskálanum með verkamönnum. Stefndi hótaði verkfalli, og voru verkamenn þá látnir hætta þessum störfum.

Framangreindar undanþágubeiðnir hefir stefnandi skýrt með því, að hann hafi talið 4. gr. sammingsins frá 24. ágúst 1938 í gildi, enda hafi honum verið ókunnugt um uppsögn hans þá, er áður getur. En þar sem nú sé upplýst, að samningur þessi sé ekki lengur í gildi, þá hafi hann óskoraðan rétt til þess að nota verkamenn við ryðslípun. Ryðslípun verði með engu móti talin tilheyra málaraíðninni, sbr. 9. gr. kjarasammingsins frá 1. maí 1940. Til stuðnings þessari fullyrðingu hefir stefnandi lagt fram vottorð frá Landsambandi iðnaðarmanna, rskj. nr. 12, þar sem segir, að stjórn Landssambandsins líti svo á, „að það sé á engan hátt heppilegt að telja hreinsun járns, sem húða á eða mála, til iðnaðarvinnu. Ryð er hreinsað af járnri á margvíslegan hátt eftir aðstæðum og mjög erfitt að fella slíka hreinsun undir sérstaka iðngrein. Það verður þó að telja heppilegt og sjálf-sagt, að iðnaðarmenn megi óhindraðir af verkamönnum hreinsa járn það eða mannvirki þau úr járnri, er þeir eru að vinna við“. Jafnframt hafa verið lögð fram vottorð frá fjórum iðnfyrirtækjum hér í bænum (Landssmiðjunni S/F, Stálsmiðjunni, Vélsmiðjunni Héðni og Slippfélaginu), þess efnis, að þessi fyrirtæki noti eingöngu verkamenn til ryðslípunar og ryðhreinsunar.

Í þessu máli kemur það ekki til úrlausnar, hvort ryðslípun til undirbúnings málun verði almennt talin tilheyra málaraíðninni, heldur það, hvort stefnandi hafi undirgengið með samningum við stefnda að nota eingöngu meðlimi Málarsveinafélags Reykjavíkur til þessa verks.

Í máli þessu er ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að málarameistarar hafi notað verkamenn við ryðslípun fyrir gildistöku framangreinds sammings frá 24. ágúst 1938.

Hins vegar er það viðurkennt af stefnanda, að þegar oftnefndur kjarasamningur frá 1. maí 1940 var gerður, þá taldi hann (stefnandi) sig bundinn af ákvæðum 4. gr. sammingsins frá 24. ágúst 1938, um að samþykki stjórnar málarsveinafélagsins þyrfti að koma til, svo að meðlimum málarameistarafélagsins væri heimilt að nota verkamenn við að ryðslípa járnklædd hús undir málun. Og í september s. l. telur hann sig enn bundinn þeim samnigi.

Rétturinn verður því að líta svo á, að ákvæði 9. gr. kjara-samningsins frá 1. maí s. l. séu byggð á þágildandi vinnufyrirkomulagi í þessari iðngrein, þ. e. að meðlimum málarameistarafélagsins sé aðeins heimilt með samþykki stjórnar málarasveinafélagsins að nota aðra en meðlimi þess við ryðslípun á húsum. Og þó að aðiljar hafi í flutningi þessa máls orðið ásáttir um, að samningurinn frá 1938, sem staðfesti þetta vinnufyrirkomulag, sé nú úr gildi fallinn, fyrir framan-greinda uppsögn stefnda gagnvart Dagsbrún, þá heimilar það ekki þá ályktun, að stefndi hafi með því afsalað sér nokkrum rétti gagnvart stefnanda í þessu efni. Loks bendir undan-tekningarákvæðið í niðurlagi áður nefndrar 10. gr. samningsins frá 1. maí 1940 til þess, að undirbúningur að málun (en viðurkennt er, að þar er átt við ryðslípun) heyri að einhverju leyti undir verksvið málarasveinanna, því ella hefði nefnt ákvæði verið óþarft.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að meisturum sé heimilt án samþykkis málarasveinafélagsins að nota verkamenn til ryðslípunar á húsum, og ber því að þessu athuguðu að taka sýknukröfu stefnda til greina að þessu leyti.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 75.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnanda, Málarameistarafélagi Reykjavíkur, er heimilt að nota verkamenn við ryðslípun á járngríðingum, dráttarbrautum og geymum, á undan málun. Hins vegar er stefnanda óheimilt að nota verkamenn við ryðslípun á járnklæddum húsum nema með samþykki stefnda, Málarasveinafélags Reykjavíkur.

Stefnandi greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.